

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.**

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 50,90 á hemil á mánuði.

Vatnsgjald er kr. 91,55 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 20,60 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 58,00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*